



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

„Án titils“

Jöðrun og þöggun í Persuasion eftir Jane Austen

Ritgerð til B.A.-prófs

Hulda Lárusdóttir

Maí 2009

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Almenn Bókmenntafræði

„Án titils“

Jöðrun og þöggun í Persuasion eftir Jane Austen

Ritgerð til B.A.-prófs

Hulda Lárusdóttir

Kt.: 0310842459

Leiðbeinandi: Úlfhildur Dagsdóttir

Mái 2009

Útdráttur

Hér á eftir verður fjallað um skáldsöguna *Persuasion* sem var eitt síðasta verk Jane Austen með hliðsjón af kenningu Edwins Ardener um jöðrun og þöggun kvenna og kenningu Michel Foucaults um alsæi. Bókin fjallar um Anne Elliot 27 ára ógifta barónsdóttir sem er við það að pipra. Eftir að móðir hennar lést tók hún að sér flestar þær skyldur sem húsmóðir ber, hún sér um samskipti við hjúin, passar börn yngri systur sinnar og miðlar málum þar sem þess er þörf. Eftir því sem líður á bókina tekst Anne að brjótast undan oki fjölskyldunnar er og fylgja sinni eigin sannfæringu. Jöðrunin í bókinni felst aðallega í tilraunum fólks til að falla inn í ramma samfélagsins og þeim samfélagslegu reglum sem verður að fylgja stöðu sinnar vegna. Virðingarstaða innan hópsins byggir á titlakerfi karlmannna. Karlar erfa titilinn og konur reyna eftir bestu getu að giftast karlmönnum með sem besta samfélagslega stöðu. Konur þagga sig að mestu sjálfar, þær sjá um uppeldi barna og kenna þeim „réttu“ hegðun, stúlkum er kennt að vera hljóðlátar og sætar og drengjum að koma kurteislega fram en hafa þó skoðanir.

Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	2
JÖÐRUN EÐA MISSKILNINGUR?	6
STÖÐUGT EFTIRLIT	11
SÖGUÞRÁÐUR.....	14
JÖÐRUN KVENNA Í KARLLÆGUM HEIMI.....	15
SÍÐAREGLUR OG STÉTTASKIPAN	22
LOKAORÐ	25
HEIMILDIR.....	28

Inngangur

Jane Austen (fædd:1775, dái: 1817) skrifaði mikið ef litið er á þá staðreynd að hún var kona sem var uppi seint á 18. öld. Bækur hennar hafa staðist tímans tönn, þær eru ennþá vinsælar tvöhundruð árum eftir útgáfu þeirra. Hún fæddist í Steventon 16. desember, systkynin voru 8 alls og þar af ein systir, Cassandra-Elizabeth. Þegar Jane Austen var tíu ára gömul fóru þær báðar í klausturskóla í Reading þar sem þær voru í rúmt ár. Stuttu síðar byrjaði Austen að skrifa smásögur sem voru gefnar út eftir lát hennar undir nafninu *Juvenilia*.¹ Systurnar giftust hvorug og voru því háðar föður sínum um framfærslu og bræðrum sínum eftir dauða hans. Austen lauk við að skrifa *Juvenilia* þegar hún var átján ára gömul, árið 1793. Stuttu síðar skrifaði hún skáldsögurnar *Elinor and Marianna* og *First Impressions*, Austen breytti *Elinor and Marianne* í *Sense and Sensibility* og skrifaði síðan söguna *Susan* (sem varð síðar *Northanger Abbey*). *Susan* var svo gefin út 1803, stuttu eftir að fjölskyldan fluttist til Bath. Á meðan fjölskyldan bjó í Bath skrifaði hún einungis eina sögu *The Watsons*, sem er varla nema löng smásaga, og svo ekkert meir fyrr en *Sense and Sensibility* var gefin út fimm árum eftir að faðir hennar lést og Austen flutti með móður sinni og systur til Adlestrop og síðar Southampton. Eftir það skrifaði hún *Mansfield Park*, breytti *First Impressions* í *Pride and Prejudice*, sem var svo gefin út í ársbyrjun árið 1813.² Ári síðar var *Mansfield Park* gefin út og Austen byrjaði að skrifa *Emmu*. Árið 1815 lauk Austen við *Emmu* og hófst handa við að skrifa *Persuasion*, að lokum fór hún með systur sinni til Winchester árið 1817 þar sem hún lést svo 18. júlí eftir að hafa klárað *Persuasion*, skrifað erfðaskrá og byrjað á *Sanditon*.³

Verk Jane Austen fjalla um konur í leit að eiginmanni, *Pride and Prejudice* ein frægasta skáldsaga hennar hefst á orðunum „It is a truth universally acknowledged, that a single man in possession of a good fortune must be in want of a wife.“⁴ Sú setning lýsir í hnotskurn því viðhorfi í verkum Austen að það hljóti að vera takmark allra að

¹ Dierdre Le Faye, „Chronology“ í *The Cambridge Companion to Jane Austen*, ritstj. Edward Copeland og Juliet McMaster (Cambridge: Cambridge University Press, 1997), bls. 1-11.

² Dierdre Le Faye, bls. 4-5.

³ Dierdre Le Faye, bls. 9-11.

⁴ Jane Austen, *Pride and Prejudice* (London England: Penguin Books, 1994), bls. 1.

giftast, hvort sem þeir eru kvenkyns eða karlkyns. Taka skal fram að viðhorf kvenna í bókum Austen þarf ekki að hafa verið það sama og viðhorf Austen sjálf. Hér á eftir verður rætt um stöðu Anne Elliot í *Persuasion* og þó þar megi finna ýmsa hluti sem túlka mátti í tengslum við líf Jane Austen verður það ekki gert hér. Aðalsöguhetjur bóka Austen eru sterkar konur hver á sinn hátt, sumar eru flögrandi, aðrar rólegar og enn aðrar þekktar fyrir frekju. Allar eru þær fagrar og af góðum ættum og þær ná allar í góða eiginmenn að lokum þó ekki séu þeir alltaf fyrsta val stúlkanna.⁵

Aðalsöguhetja *Persuasion* er frábrugðin öðrum aðalpersónum Jane Austen. Hún er eldri, þroskaðri og betri sögumaður. John Wiltshire segir meðal annars um seinni skáldsögur hennar þrjár, *Persuasion*, *Mansfield Park* og *Emmu*:

Skáldsögurnar sýna einnig aukinn skilning á áhrifum staðsetningar og umhverfis á persónuleika og hegðun, breiðari og íhugaðri félagslega gagnrýni og mun betri hæfileika hennar til að ímynda sér persónurnar innan þeirra félagslegu og landfræðilegu rýma sem þær búa í.⁶

Heildstæða mynd af samfélaginu birtist í gegnum Anne Elliot, hún hefur hæfileika til að horfa hlutlausari augum á umhverfi sitt en fyrri aðalsöguhetjur Austen og draga rökrænar ályktanir af því sem hún sér. Hún lætur tilfinningarnar ekki hlaupa með sig í gönur, hefur jafnvel helst til mikla stjórn á sjálfri sér og lendir því til hliðar í samfélaginu. Ekki er tekið jafn mikið tillit til hennar og þeirra sem frekari eru, hún þarf oftast að sjá um fólkið í kringum sig og lætur sér það oftast vel líka.

Nokkuð hefur verið fjallað um verk Jane Austen á íslenskum vetvangi. Úlfhildur Dagsdóttir og Alda Björk Valdimarsdóttir bókmenntafræðingar, Jóhanna Sigurðardóttir, Þórey Einarisdóttir kennari og fleiri hafa skrifað greinar og greiningar á verkum Austen í *Morgunblaðið*.⁷ Silja Aðalsteinsdóttir þýddi *Pride and Prejudice* og nefndi þýðinguna *Hroka og hleypidóma* og skrifaði eftirmála þar sem hún fjallar um viðtökur *Pride and*

⁵ Juliet McMaster, *Jane Austen the Novelist* (Great Britain: MacMillan Press LTD, 1996), bls 78.

⁶ John Wiltshire, „Mansfield Park, Emma, Persuasion“ í *The Cambridge Companion to Jane Austen*, ritstj. Edward Copeland og Juliet McMaster (Cambridge: Cambridge University Press, 1997), bls. 58-83, bls. 58. – „These novels also display a more intensified sense of the influence of place and environment on personality and action, a broader and more thoughtful social critique, and a much greater power of imagining her figures within the social and geographical spaces they inhabit.“

⁷ Úlfhildur Dagsdóttir, „Sumarrómantík og sérherbergi“ í *Lesbók Morgunblaðsins* 18. ágúst (2001), bls. 8-9, Úlfhildur Dagsdóttir, „Rómantísk ævintýri, hetjur og drekar“ í *Lesbók Morgunblaðsins* 15. september (2001), bls. 8-9, Þórey Einarisdóttir, „Jane Austen“ í *Lesbók Morgunblaðsins* 24. ágúst (1996), bls. 10-11, Jóhanna Sigurðardóttir, „Charlotte Brontë: Hvað er svona merkilegt við Jane Austen?“ – Bækur Austen hafa orðið samtímabókmenntum lífsseigari“ í *Morgunblaðinu B*, 1. júní (1986), bls. 6-7.

Predjudice og tímabilið sem sagan gerist á.⁸ Margar greinar voru skrifaðar í tilefni af þýðingu Silju.⁹ Einnig hafa margir valið verk Austen til umfjöllunar í lokaverkefnum við Háskóla Íslands, bæði í ensku og bókmenntafræði, þar á meðal eru Alda Björk Valdimarsdóttir, Marianna Clara Lúthersdóttir og Vigdís Huld Þorvaldsdóttir.¹⁰ Marianna Clara fjallaði um ógiftar konur í lífi og verkum Jane Austen, stöðu þeirra í samfélaginu og hversu erfitt líf þeirra var og Vigdís Huld skrifaði um samfélagshegðun út frá kenningum Foucault um alsæi. Kenningar Foucault fjalla um mannlega hegðun og stöðu innan samfélags líkt og kenningar Ardener. Ritgerðir Maríönnu og Vigdísar eru báðar samfélagsleg umfjöllun um bækur Jane Austen.

Mannfræðingurinn Edwin Ardener skrifaði greinina „Belief and the Problem of Women“ árið 1972 til að vekja athygli á vanrækslu mannfræðinga á gögnum um konur.¹¹ Greinin fjallar um jöðrun og þöggun kvenna. Hugmyndir Ardener hafa verið mjög umdeildar, Nicole-Claude Mathieu var mikill andstæðingur hugmynda hans um notkun hins villta og hins siðmenntaða sem andstæðupars þar sem konur standa fyrir hið villta og karlar hiðs siðmenntaða.¹² Kenningar Ardener snúast hins vegar ekki um niðurlægingu kvenna heldur um það vandamál sem jöðrun þeirra veldur, hann sýnir fram á að þöggun kvenna sé orsök af vanhæfni karla til að túlka tjáningarform þeirra og að því sé hún ekki endilega viljandi heldur stafi hún af misskilningi og blindu karlmanna sem hins ríkjandi menningarhóps.¹³

Michel Foucault skrifaði um alsæi í bók sinni *Discipline and Punish* sem kom fyrst út á frönsku árið 1975. Hann byggði kenningar sínar að miklu leyti á kenningum Bentham um fyrirmyndarfangelsi.¹⁴ Hugmyndir Benthams byggjast upp á því að fáir

⁸ Jane Austen, *Hroki og hleypidómar*, þýð. Silja Aðalsteinsdóttir (Reykjavík: Mál og menning, 1988).

⁹ Jóhanna Kristjánsdóttir, „Bingley fjölskyldan í sviðsljósinu“ í *Morgunblaðinu*, 8. desember (1988), bls. 17, Ólafur Hannibalsson, „Spennandi klassík fyrir alla“ í *DV* 266, 21. nóvember (1988), bls. 29 og Arnaldur Indriðason, „Austen hittir í mark“ í *Morgunblaðinu B*, 1. desember (1996), bls. 10.

¹⁰ Alda Björk Valdimarsdóttir, *Kúpid í Highbury og Hollywood : kvikmyndanir á skáldsögunni Emmu* (óbirt námsritgerð, 1999), Marianna Clara Lúthersdóttir, *Þær sem deyja meyjar... : ógifta konan í lífi og verkum Jane Austen* (óbirt námsritgerð, 2009) og Vigdís Huld Þorvaldsdóttir, *Máttur einstaklinga á valdi siðmenningar : um samband hegðunarvenja og mannlegs eðlis í verkum Jane Austen* (óbirt námsritgerð, 2000).

¹¹ Malcolm Chapman, „Introduction“ í *The Voice of Prophecy* (New York, Oxford: Berghan Books, 2007), bls. xv-xxxvi, bls. xix.

¹² Edwin Ardener, „The ‚Problem‘ Revisited“ í *The Voice of Prophecy* (New York, Oxford: Berghan Books, 2007), bls. 127-133.

¹³ „Belief and the Problem of Women“, bls. 74.

¹⁴ Hér er stuðst við þýðingar úr hluta bókarinnar: Michel Foucault, *Discipline and Punish* (London England: Penguin Books, 1977), sem birtust í: Michel Foucault, *Alsæi, vald og þekking: Úrval greina og bókakafla*, þýð: Björn Þorsteinsson, Garðar Baldvinsson og Sigurður Ingólfsson (Reykjavík; Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005), bls. 129-169.

fangaverðir geti fylgst með mörgum föngum án þess að fangarnir viti að verið sé að fylgjast með þeim og að hægt sé að beita þessari aðferð á hvaða stofnun sem er, svo sem skóla, spítala og verksmiðjum og draga þannig úr kostnaði við eftirlit og auka framleiðslu um leið.

Kenningar Ardener og Foucault eiga það sameiginlegt að snúast um mannlega hegðun. Ardener fjallaði um hvernig mannleg hegðun væri og af hverju hugmyndir sumra væru merkilegri en annarra á meðan Foucault sýndi fram á hvernig hægt væri að sannfæra stóran hóp fólks um að hegða sér á ákveðinn hátt án mikillar fyrirhafnar. Hér á eftir verður gerð grein fyrir skáldsögunni *Persuasion* eftir Jane Austen út frá kenningum Edwins Ardener um jöðrun og þöggun minnihlutahópa og kenningum Foucault og Benthams um alsæi.

Jöðrun eða misskilningur?

Edwin Ardener styðst aðallega við rannsóknir sínar á á Bakweri þjóðflokknum í Cameroon við ritun greinarinnar „Belief and the Problem of Women“.¹⁵ Greinin fjallar um stöðu kvenna í samfélagi bæði Bakweri þjóðflokksins og hins vestræna heims, þöggun þeirra og jöðrun. Hann bendir meðal annars á að fyrirliggjandi gögn um kvenfólk hafi ekki verið túlkuð nema bara til að ná í grunnupplýsingar og líkir athugunum mannfræðinga á kvenfólki við fuglaskoðun.¹⁶ Þessi líking Ardener við fuglaskoðun er vegna þess að skilningur mannfræðinga á tjáningarmáta kvenkyns viðfangsefna er jafn lítill og skilningur þeirra á tjáningu fugla. Mannfræðingar fylgjast með kvenkyns viðfangsefnum úr fjarlægð og í þau fáu skipti sem þeir eiga bein samskipti við þær er það til að safna saman tölfræðilegum upplýsingum sem krefjast einungis einfaldra svara. Hugsunarháttur mannfræðinga er allt annar en hugsunarháttur viðfangsefna þeirra, en þó er munurinn á milli karlkyns viðfangsefna og kvenkyns viðfangsefna slíkur að mannfræðingar virðast eiga auðveldara með að skilja karlmenn. Jafnvel kvenkyns mannfræðingar skilja ekki kvenkyns viðfangsefni sín vegna þess að þær hafa þjálfað sig í að skilja hina karllægu tungu og því hafa þær misst ákveðinn hæfileika til túlkunar á kynsysturum sínum:

Á meðan karlkyns mannfræðingar með tilhneigingar til ‚formleysis‘ voru venjulega meðvitaðir um aðstæður sínar, virtust kvenkyns mannfræðingar ‚þaggadír‘ á þeirra eigin stöðu. Opinberlega, í það minnsta virtust þær ekki ‚sjá‘ eða ‚skynja‘ sjálfar sig innan mannfræðasamfélagsins og því ‚sáu‘ þær óhjákvæmilega ekki aðrar konur skýrt innan samfélagsins.¹⁷

Þó kvenkyns mannfræðingarnir skilji hvað kynsystur sínar segja þá eiga þær erfitt með að flokka upplýsingarnar á fræðilegum forsendum vegna þess að það sem konurnar segja passar ekki endilega inn í hið fræðilega form mannfræðinnar sem tengist hinum karllæga vestræna heimi¹⁸ sem má segja að sé byggður á karllægum gildum ef miðað er við kenningar Ardener. Konur sem vinna sig inn í fræðasamfélagið læra að sjá hluti frá karllægu sjónarmiði, fræðin gera þeim erfitt fyrir að nota sitt eigið tungumál að hluta til

¹⁵ Edwin Ardener, „Belief and the problem of women“ í *The Voice of Prophecy* (New York, Oxford: Berghan Books, 2007), bls. 72-85, bls. 72.

¹⁶ „Belief and the Problem of Women“. bls. 73.

¹⁷ „The ‚Problem‘ Revisited“, bls. 129. – „Yet while male anthropologists of a ‚destructured‘ tendency were generally conscious of the nature of the situation which enveloped them, the women anthropologists seemed ‚muted‘ on their own position. Publicly, at least, they did not ‚see‘ or ‚perceive‘ themselves within the structure of academic anthropology; so, inevitably, they did not ‚see‘ other women clearly in their own fields.“

¹⁸ „Belief and the Problem of Women“, bls. 74.

vegna þess að viðtökur fræðasamfélagsins myndu ekki vera góðar, þær eru fastar í viðjum menntunar sinnar. Þær hafa týnt ákveðnum hluta af sínu eigin tjáskiptaformi. Því er erfiðara fyrir þær að samsama sig kvenkyns viðfangsefnunum sínum án þess að detta úr hlutverki sínu sem mannfræðingar og verða aftur „kvenmenn“. Með því að kvengera sig myndu þær tapa fræðilega hluta sjálfsins og ef þær kvengera sig á pappír ættu þær á hættu að missa álit fræðasamfélagsins eða jafnvel stöðu sína, atvinnu og orðstír.

Kenningum Ardener hefur síðan verið beitt meðal annars á sviði bókmennta, bæði með tilliti til kynjafræða og einnig annarra minnihlutahópa svo sem samkynhneigðra. Í raun má beita kenningun Ardener á hvern þann hóp fólks sem segja má að sé þaggaður.¹⁹ Í grein sinni „The Problem Revisited“ svarar Ardener gagnrýni fræðimanna á greinina „Belief and the Problem of Women“ þar skilgreinir hann nánar hvað hann á við í fyrri grein sinni og reynir að koma í veg fyrir mistúlkun á orðum sínum. Eftir útgáfu fyrri greinarinnar urðu miklar breytingar á kvennafræðum í heiminum og þeir kvennafræðingar sem skoðuðu grein hans voru ekki alltaf sammála skoðunum Ardener. Meðal annarra sem gagnrýndu verk Ardener var Nicole-Claude Mathiau en hún gagnrýndi aðallega þá skoðun Ardener að kvenkyns mannfræðingar væru ekki í betri stöðu en karlkyns mannfræðingar til að meta gögn um kvenkyns viðföng. Mótrök Ardener voru þau að hann skrifaði grein sína á þeim tíma sem kvenkyns mannfræðingar áttu í vök að verjast vegna þess hve stuttan feril þær áttu og því þurftu þær að vara sig á að kvengera sig í augum fræðasamfélagsins til að stytta ekki feril sinn enn meira.²⁰

Staða kvenna var ekki sterk á tímum Austen og kvenrithöfundar voru ekki margir. Þær konur sem skrifuðu leyndu því og flestar bækur komu út undir höfundarnafninu ‚by a lady‘. Samkvæmt kvennafræðingum sem hafa fjallað um þetta tímabil var penninn verkfæri karlmanna, einskonar reðurtákn. „Í feðraveldismenningu vestursins er textahöfundur því faðirinn,“ höfundur skapar textann á sama hátt og konur geta afkvæmi, karlmenn gátu ekki verið vissir um að börn væru þeirra eigin afkvæmi og því voru textaskrif heilög vé þeirra þar sem konur máttu helst ekki stíga niður fæti.²¹ Einnig voru kvenrithöfundar umdeildir vegna þess að konur áttu að vera hlutir frekar en persónur, þær höfðu ekki lagalega stöðu sem persónur heldur voru þær eign feðra sinna

¹⁹ „The ‚Problem‘ Revisited“, bls. 130.

²⁰ „The ‚Problem‘ Revisited“, bls. 129.

²¹ Sandra Gilbert og Susan Gubar, *The Madwoman in the Attic* (New York, Oxford: Berghan Books, 2007), bls. 6.

eða eiginmanna. Þegar konur sýndu tilhneigingu til skrifta var það ókvenlegt og því ankananlegt.²² Siðgæðishandbækur þessa tíma kenndu ungum stúlkum að vera undirgefnar og fagrar, hlutir til að horfa á og gleðja frekar en persónur.²³ Konur áttu að hegða sér á réttan hátt, þær áttu ekki að færa sig inn á yferráðasvið karla. Þegar þær gerðu karllæga hluti misstu þær part af kvenleika sínum og urðu þar af leiðandi ógiftingarhæfar. Þar með voru þær búnar að koma í veg fyrir að þær næðu tilætluðum árangri í lífinu, ef miðað er við þá hugmynd að tilætlaður árangur kvenna í lífinu hafi ávallt verið að giftast og eignast börn. Konur voru háðir karlmönnum að svo miklu leyti að þær gátu ekki einu sinni ferðast án þess að hafa karlkyns fylgdarmann. Sú staðreynd að konur þurftu fylgdarmenn hefti þær mjög mikið og gerði það jafnvel að verkum að einstæðar konur þurftu að bíða dögum saman eftir því að einhverjum karlmanni hentaði að fylgja þeim. Samfélagsreglur bundu konur á tímum Austen við karlmenn, þær gátu ekki séð um sig sjálfar opinberlega, peningar, lögfræðileg málefni og samskipti við ókunnuga var eitthvað sem samfélagið bannaði þeim að skipta sér af. Konur sem hættu sér inn á yferráðasvæði karla voru orðnar að óræðri stærð, það var ekki lengur hægt að skilgreina þær innan þægilegra marka.

Ardener tengir hugmyndir sínar við hið villta og hið siðmenntaða þar sem konur falla í flokk hins villta. Ráðandi menningin lítur víkjandi menningarhópin alltaf sem eitthvað annað, eitthvað sem er öðruvísi og þá mögulega hættulegt. Andstæðuparið menning/náttúra er mjög djúpstætt í vestrænni menningu, allir sem eru öðruvísi en hin ráðandi karlastétt eru villtir á einhvern hátt. Þeir sem falla undir víkjandi menningu eru oft tengdir því villta og óræða í hugum ríkjandi menningarhóps því það óskiljanlega hlýtur að vera utan menningar. Ungar stúlkur eru jafnvel hættulegar körlum á ákveðnum tímabilum, þegar þær komast á kynþroskaskeiðið geta þær orðið að hafmeyjum eða öndum vatnsins sem geta tælt karlmenn út í það villta.²⁴ Karlmenn hugsa á rökrænan hátt, þeir eru gjarnari á að tala við útlendinga, þeir ferðast meira og tala því oft fleiri tungumál á meðan konurnar halda sig frekar með sínu eigin fólki. Lítinn skilning á konum má því leiða til mismunandi hugsunarháttar, mismunandi tjáningarleiða og mismikils vilja kynjanna til að hafa samskipti við utanaðkomandi aðila.

Samband konunnar við náttúru er órjúfanlegt og tilraunir menningarinnar til að innlima konuna eru árangurslausar eins og sjá má í umfjöllun Ardener um ‚liengu‘ sem

²² *The Madwoman in the Attic*, bls. 10.

²³ *The Madwoman in the Attic*, bls. 23.

²⁴ „Belief and the Problem of Women“, bls. 77-79.

er athöfn til að vígja ungar stúlkur inn í heim hinna fullorðnu. Stúlkann verður að konu og samkvæmt öllum reglum samfélagsins ætti hún ekki lengur að vera hættuleg körlum samfélagsins. Þó heldur hún andanafninu sínu sem tengist hinu villta og talar á tungumáli kvenna.²⁵ Karlmenirnir sjá ekki kvennameninguna, þeir reyna að innlima konurnar inn í sína menningu og virðast ekki gera sér grein fyrir að „liengu“ hefur ekki tilætluð áhrif. Þetta kallar Ardener þöggun²⁶ vegna þess að hluti samfélagsins talar tungumál sem heyrir ekki eða skilst ekki. Ráðandi hluti samfélagsins hlustar ekki á þaggaða hlutann. Kynin hafa löngum þróað með sér mismunandi leiðir til tjáskipta, því er ekki sama hvort karlmaður eða kvenmaður segir ákveðinn hlut það getur breytt merkingu orðanna mjög mikið, og munurinn getur oft verið jafn mikill ef ekki meiri á milli fólks af mismunandi kynþáttum eða frá mismunandi menningarheimum:


Ef menn gætu vegna pólitískrar stjórnar sinnar „þurft“ á afmarkandi staðalmyndum að halda, hreinlega af hagsýnum ástæðum, gætu konur yfirtekið staðalmyndir karlanna þegar þær þurfa á sömu afmörkunum að halda. Hvorug staðalmyndanna sem konur búa við ganga inn í þessar staðalmyndir karlanna.
²⁷

Til að gera sig skiljanlegan getur þaggaði hluti menningarinnar valið um þrjár leiðir, í fyrsta lagi að vera annaðhvort þaggaður áfram, í öðru lagi að reyna að koma skilaboðum sínum áleiðis innan tungumáls ráðandi hópsins eða í þriðja lagi með því að reyna að koma sínu tungumáli á framfæri. Tilraunir víkjandi menningarhópa til að segja frá reynslu sinni eru oft innan tungumáls ráðandi hópsins, því þannig eru meiri líkur á að ráðandi menningarhópurinn skilji merkingu skilaboðanna. Konur eru þaggaðar í bókum Jane Austen en í raun má sjá þöggun á fleiri sviðum, allir þeir sem vilja halda stöðu sinni í samfélaginu verða að hegða sér samkvæmt viðteknum gildum og því má segja að flestir upplifi einhverskonar þöggun á þessum tíma. Karlmennt þurftu að fylgja ákveðnum siðareglum eins og konur, þeir urðu að hegða sér í samræmi við stöðu sína til að halda virðingu samborgara sinna.

²⁵ „Belief and the Problem of Women“, bls. 83.

²⁶ Ísl. þýð. skv. Helgu Kress í *Máttugar Meyjar* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1993), bls. 13-14, bls. 13.

²⁷ „Belief and the Problem of Women“, bls. 77. – „If men, because of their political dominance, may tend purely pragmatically to ‘need’ total bounding models of either type, women may tend to take over men’s models when they share the same definitional problems as men. Both the models set up by women bounding themselves are not encompassed in those men’s models.“



Mynd 1²⁹

Í „The Problem Revisited“ setur Ardener fram líkan sem útskýrir á einfaldan hátt hvernig skynjun ráðandi og víkjandi menningarhópa skarast.²⁸

Þetta sýnir hann á myndrænan hátt með líkani af tveimur hringjum sem skarast. Annar hringurinn er lokaður og heill, og sýnir hann karlamenninguna sem er ríkjandi og opinber, en hinn hefur brotnar línur og sýnir þaggaða menningu kvenna.³⁰

Í bók sinni *Máttugar meyjar* (1993) setur Helga Kress kenningar Ardener í samhengi við þöggun kvenna í íslenskum fornþókmenntum. Í líkani Ardener (sjá mynd) standa stafirnir ABCD fyrir villta svæðið fyrir utan líkanið, hringurinn sem stendur fyrir heim karlanna er heill en hringurinn sem stendur fyrir kvenmenn er brotinn og þar af leiðandi flæðir hið villta inn í þann hring en þrátt fyrir það sjá konurnar sjálfar sig ekki á svæði hins villta heldur er ákveðinn partur af hring karlanna sem þær skilja ekki og sjá á sama hátt sem villt svæði. Helga Kress lýsir villta svæði kvennanna sem einhverju sem ekki verður „bundið í tungumál og kemur einungis fram í helgiathöfnum, goðsögnum, látbragði og list.“³¹ Tjáskipti kvenna fara fram á öðrum sviðum en tjáskipti karla. Það sama má segja um muninn á tjáskiptum hópa af mismunandi uppruna því menning, uppeldi og hefðir hafa mikið að segja um hvernig fólk talar og hefur almenn samskipti. Til að orðræða sé skiljanleg þarf hún að vera innan þess táknefns sem ríkir í samfélaginu, það má skilgreina meðal annars sem landssvæði eða tungumálalóp. Táknefni kvenna er ekki sá sami og karla, frumbyggjar í Ástralíu hafa annan táknefni en indíánar í Ameríku og svo framvegis. Eins og áður hefur komið fram þarf minnihlutahópur sem vill gera sig skiljanlegan í augum ráðandi menningarhóps að nota táknefni hins ráðandi hóps.

Hægt er að líta á bókmenntir heimsins sem eina heild. Til að teljast með þurfa bækur að falla undir þau gildi sem eru ráðandi í bókmenntaheiminum þá stundina. Í

²⁸ „Belief and the Problem of Women“, bls. 131.

²⁹ Mynd 1, tekin úr glærum úr fyrirlestur Helgu Kress í „Miðaldabókmenntum“ 18. september 2007.

³⁰ Helga Kress, bls. 13-14.

³¹ Helga Kress, bls. 14.

karllægum heimi eru það karllæg gildi sem stjórna bókmenntaumræðunni og því þurfa rithöfundar að skrifa sig inn í þessi gildi:

Á sama hátt og kvennamenning er þöggðu menning innan ríkjandi karlamenningar má líta á bókmenntir eftir konur sem þaggaðar bókmenntir innan hinnar ríkjandi bókmenntahefðar. Til þess að heyrast verða bókmenntir kvenna að nota sama skáldskaparmál og ríkjandi karlahefð, samtímis því sem þær leitast stöðugt við að finna form fyrir sína eigin reynslu og sjálfsvitund. Þannig verða þær að takast á við tvær menningar í einu, sína eigin þöggðu menningu og ríkjandi bókmenntahefð karla.³²

Til að fá samþykki bókmenntasamfélagsins þarf bókin að passa inn í þá orðræðu sem fyrir er í heiminum hvort sem henni er stjórnað af vestrænum hugsunarhætti, eða einhverju öðru. Hin ráðandi menning stjórnar alltaf leshætti hins almenna lesanda og því verður rithöfundurinn að gera sér grein fyrir því að ef hann skrifar út fyrir tungu hinnar ráðandi menningar er ekki víst að textinn skiljist.

Eins og áður hefur komið fram fjalla kenningar Ardener um þöggun ákveðins menningarhóps, ríkjandi hópurinn ræður í raun hvernig hann túlkar tungumálið og tjáningarmáta fólks og því verður hinn þaggaði hluti menningarinnar að tala á þeirra forsendum til að rödd þeirra komist til skila:

Hugtakið *þöggun* felur ekki í sér að hinn þaggaði hópur þegi, heldur að það sé eingöngu ríkjandi talsháttur sem *heyrir*, eða öllu heldur *er hlustað á*. Þessa *þöggun* þaggaða hópsins er því hægt að skilgreina sem ákveðið *herynarleysi* hjá ríkjandi hópnum, á sama hátt og líta má á *ósýnileika* þaggaða hópsins sem ákveðna *blindu* hjá ríkjandi hópnum.³³

Sú blinda sem má sjá í ríkjandi hópnum er ekki endilega tillitsleysi eða viljandi valdniðsla heldur getur hún stafað af skorti á þekkingu. Til að reyna að breyta þessari þöggun þarf að sýna ráðandi hópnum fram á að hún fari fram og auk þess þarf að reyna að fá ráðandi hópinn til að breyta hugsunarhætti sínum til að reyna að skilja hinn þaggaða menningarhóp.

Stöðugt eftirlit

Eins og Ardener fjallar Michel Foucault um kenningar sem viðkoma mannlegri hegðun. Í þriðja kafla úr þriðja hluta *Discipline and Punish: The Birth of The Prison*, „Alsæishyggja“ sem Foucault skrifaði árið 1975 fjallar hann um alsæi, umfjöllun hans byggist að miklu leyti á kenningum Jeremy Bentham. Kenningar Benthams snúast um

³² Helga Kress, bls. 15.

³³ Helga Kress, bls. 14.

framkvæmd alsæis í einskona byggingu eða vél sem er hönnuð til að einangra fólk og fylgjast með því. Byggingin er byggð í kringum turn og allar vistarverur eru þannig gerðar að sá veggur sem snýr að turninum er úr gegnsæu gleri og allir hinir veggirnir eru lokaðir. Rýmið er vel lýst þannig að ekkert horn fellur í skugga og vistmaðurinn getur ekki haft samskipti við aðra vistmenn á meðan hann er í rýminu. Turninn er aftur á móti þannig úr garði gerður að hægt er að sjá inn í allar vistarverurnar úr honum en ekki úr vistarverunum og inn í hann eða eins og Foucault orðaði það:

Hver og einn er á sínum stað, vandlega lokaður inni í kytru þar sem hann blasir við augum vaktmannsins, en hliðarveggirnir koma í veg fyrir að hann nái sambandi við samfanga sína.³⁴

Bentham hannaði turninn þannig að hægt væri að færa sig á milli herbergja með sem minnstum hávaða til að vistmenn gætu hvorki heyrt né séð vaktmennina og því ekki haft neina hugmynd um hvenær verið væri fylgjast með þeim. Vaktmaðurinn í turninum gat auðveldlega fylgst með hverjum vistmanni fyrir sig án þess að vistmennirnir sæju hann eða gætu haft samskipti hver við annan. Þannig veit vistmaðurinn að hægt er að fylgjast með honum hvenær sem er án þess að hann hafi hugmynd um það:

Megináhrif alsjárinnar eru þau að vekja hjá vistmanninum meðvitund um stöðugan sýnileika sem tryggir sjálfvirkan gang valdsins. Þetta fæst fram með því að láta líta út fyrir að eftirlitið sé stöðugt að verki enda þótt hlé verði á því í raun.³⁵

Skipulag byggingarinnar gerir það að verkum að auðvelt er að fylgjast með öllum vistmönnum hvenær sem er, með lítilli fyrirhöfn. Í raun þarf mjög fáa vaktmenn vegna þess að vistmennirnir hafa ekki hugmynd um hvort verið sé að fylgjast með þeim eða ekki á ákveðnum tíma og verða því alltaf að gera ráð fyrir því að einhver sé að fylgjast með þeim. Hver sem er getur sinnt eftirlitinu, vaktmaðurinn gæti verið fjölskyldumeðlimur, yfirmaður, fangelsisvörður eða kennari, allt eftir því hvaða hlutverki stofnunin á að gegna. Vélina er hægt að nota á ýmsum sviðum:

„Alsæishyggi er fær um að „*bæta siði, viðhalda heilbrigði, efla dugnað, breiða út lærdóm, létta á almennum byrðum*““³⁶ vélin gæti verið spítali þar sem koma þarf í veg fyrir smit, verksmiðja þar sem vinnumennirnir eiga að vinna hver fyrir sig og án

³⁴ Foucault, bls. 137.

³⁵ Foucault, bls. 138.

³⁶ Foucault, bls. 145.

mannlegra samskipta eða jafnvel skóli þar sem kennarinn þarf að geta fylgst með hverjum nemanda fyrir sig.³⁷

Ögunarkerfi samfélaga felast í reglum sem meðlimir samfélagsins læra að fylgja og sjá til þess á sama tíma að aðrir í samfélaginu fylgi þeim líka. Einstaklingar fylgjast með því sem er að gerast í kringum sig, gagnrýna hegðun annarra og passa að sín hegðun sé eins og hún á að vera; „við erum stödd í Alsjárvelinni, umluktt valdabáttum hennar sem við höldum sjálf við enda erum við tannhjól í gangverki hennar.“³⁸ Ef einhverjum verður það á að fylgja ekki reglunum á hann á hættu að honum verði útskúfað. Samfélagið hafnar til dæmis þeim sem bora í nefið, ganga um of fáklæddir og þeim sem stela, ljúga og svo framvegis. Hvert samfélag á sínar reglur og þær eru breytilegar bæði í tíma og rúmi. Fyrir okkur sem lítum á heim Austen utanfrá virðast reglurnar kannski flókna og jafnvel furðulegar en fyrir fólk á þeim tímum var eina leiðin til að teljast til einhvers samfélagshóps að læra umgengnisreglurnar og fylgja þeim. Reglur samfélags taka breytingum um leið og samfélagið breytist sjálft. Þegar hugsunarháttur fólks breytist lagast reglurnar að nýjum siðum því enginn veit hvað gerist ef reglurnar hverfa. Ögun samfélagsins byggist á þessum reglum og kemur í veg fyrir stjórnleysi með því að þróast því án þessara ögunarkerfa er ekki víst hvað gerast myndi:

Þaðan stafar einnig óttinn við að leysa ögunarkerfin upp, því ekki er að vita hvað tekur við af þeim; þaðan kemur sú staðhæfing að þau liggi sjálfu samfélaginu til grundvallar og haldi því í jafnvægi þótt þau séu í reynd safn gangverka sem hvarvetna raska jafnvægi valdahlutfalla með afgerandi hætti.³⁹

Samfélagið þarf á röð og reglu að halda, enginn veit hvað myndi gerast ef allir gerðu það sem þeim sýndist og því viðheldur samfélagið reglunum. Hræðslan við óreglu og stjórnleysi er mjög djúp, ef allir gætu gert nákvæmlega það sem þeim sýndist er ekkert sem segir að þeir ríku myndu halda völdum sínum, fólk gæti tekið upp á að stela, drepa mann og annan og ef ekkert yrði að gert gæti það leitt til eyðileggingar samfélagsins í heild sinni.

³⁷ Foucault, bls. 144.

³⁸ Foucault, bls. 158.

³⁹ Foucault, bls. 164-165.

Sögupráður

Skáldsagan *Persuasion* fjallar um Anne Elliot sem er önnur dóttir Sir Walter Elliots af þrem.⁴⁰ Miss Elizabeth Elliot er elst af systrunum, 29 ára og ógift og Mary Musgrove, sem er yngsta systirin, er gift Charles Musgrove. Miss Elliot á enga vonbiðla, hún lítur svo á að fáir séu sér samboðnir en hún hefði þó gefið Mr. William Elliot frænda sínum og erfingja barónstignarinnar hönd sína ef hann hefði falast eftir henni, en hann leit ekki við frænku sinni og giftist heldur ríkri ættlausri stúlku. Sir Walter og Miss Elliot hugsa um fátt annað en ásýnd sína og þægindi. Eyðsla þeirra er svo mikil að þau hafa steypst sér í miklar skuldir og þau neyðast til að leigja út ættaróðalið Kellynch Hall. Anne er 27 ára þegar sagan hefst og hefur hryggbrotið tvo menn. Fyrst Mr. Frederick Wentworth sem var þá óbreyttur sjóliði í breska sjóhernum. Lady Russel sem var besta vinkona móður Anne heitinnar sannfærði hana um að Wentworth væri henni ekki samboðinn og því neitaði Anne að gefa honum hönd sína. Síðar bað Charles Musgrove, eiginmaður yngri systur hennar Mary, um hönd Anne en hún var enn í ástarsorg yfir Wentworth. Þegar Kellynch Hall er leigt út vill svo til að Admiral og Mrs. Croft taka húsið á leigu en Mrs. Croft er systir Wentworth sem er orðinn Captain Wentworth og því álitlegur ungur maður.

Sir Walter tekur á leigu hús í Bath, Miss Elliot og Mrs. Clay vinkona hennar fara samstundis með honum þangað á meðan Anne er látin ganga frá húsinu og er síðar send til Mary og Charles Musgrove sem búa í litlu húsi rétt hjá Uppercross sem hann mun erfa. Mary er sérhlífín eins og faðir hennar og eldri systir, það bitnar á öllum í kringum hana og ekki síst Anne. Mary kvartar yfir tengdafjölskyldu sinni og tengdafjölskyldan kvartar yfir hegðun hennar á móti. Hún hefur enga stjórn á börnunum sínum og þegar Charles litli slasast er Anne skilin eftir til að sjá um hann á meðan foreldrarnir fara í matarboð á Uppercross. Þar liggja leiðir Anne og Captain Wentworth saman aftur, hann gerir hosur sínar grænar fyrir Henriettu og Louisu Musgrove, yngri systur Charles. Ungu fólkið á Uppercross fer í gönguferðir, borðar saman og heldur litla dansleiki. Þau fara líka í stutta ferð til Lyme sem endar með ósköpum, Louisa dettur á hausinn og missir meðvitund. Anne tekur stjórnina í sínar hendur, sendir Captain Benwick (vin Wentworth) til að sækja lækni og róar hina í hópnum. Wentworth biður Anne að vera eftir hjá Louisu með Charles til að sjá um hana á meðan hann, Henrietta og Mary fara aftur til Uppercross til að færa Mr. og Mrs. Musgrove fréttirnar en Mary heimtar að vera

⁴⁰ Jane Austen, *Persuasion* (London; Penguin Books, 1994).

eftir sjálf því hún sé mun mikilvægari í lífi Louisu en Anne. Samskipti Anne og Wentworth eru í lágmarki þann tíma sem þau eru bæði á Uppercross en hann fer aftur að taka eftir henni í Lyme. Fyrst þegar Mr. William Elliot, frændi Anne og erfingi barónstítulsins horfir á hana áhugasömum augum og síðar vegna þess hve vel hún bregst við aðstæðum þegar Louisa slasar sig.

Stuttu eftir ferðina til Lyme fer Anne að hitta föður sinn og systur í Bath, þar þarf hún að takast á við afskiptaleyfi þeirra og reyna að koma í veg fyrir að tilraunir Mrs. Clay til að næla í Sir Walter takist. Í Bath er Anne kynnt fyrir Mr. Elliot og hann tekur til við að biðla til Anne en sniðgengur Miss Elliot enn og aftur. Hann er heillandi ungur maður, erfingi föður hennar og Lady Russel bendir á að Anne myndi öðlast stöðu móður sinnar ef hún giftist Mr. Elliot. En Anne kemst að ýmu misjöfnu um hann þegar hún ræðir við fyrrverandi skólasystrur sína, Mrs. Smith, sem er fátæk ekkja. Mrs. Smith þekkti Mr. Elliot mjög vel því hann og maður hennar voru miklir vinir þegar Mr. Elliot var ungur og snauður maður. Mr. Elliot reyndist henni hinsvegar mjög illa, hann var nefndur sem umsjónarmaður erfðaskrár Mr. Smiths heitins og stóð sig enganvegin í því hlutverki. Captain Wentworth birtist svo skyndilega í Bath um svipað leyti og hópurinn frá Uppercross kemur í bæinn. Henrietta og Louisa Musgrove eru þá báðar trúlofaðar, Henrietta er lofuð Charles Hayter frænda sínum og Louisa er lofuð Captain Benwick. Allt fer vel að lokum, Anne og Wentworth ná saman, Wentworth leysir úr fjárhagsvanda Mrs. Smith með því að skrifa fyrir hana bréf og Mrs. Clay nær ekki tangarhaldi á Sir Walter. Lady Russell sættist við Captain Wentworth.

Jöðrun kvenna í karllægum heimi

Persuasion er ein síðasta bókin sem Jane Austen skrifaði og hún er á margan hátt öðruvísi en aðra bækur hennar. Aðalsöguhetjan, Anne Elliot, hefur allt aðra sýn á samfélagið en fyrri aðalsöguhetjur Austen. Hún er rólegri og yfirvegaðri en flestar aðalpersóna Jane Austen, hún hefur mikla þekkingu á því hvernig samfélagið virkar og virðist hafa mjög góða rökleiðsluhæfileika. Anne er einnig eldri en flestar aðalpersónur Austen og því er eðlilegt að hún sér þroskaðri. Austen sjálf er eldri og reyndari þegar hún skrifar bókina og því má leiða að líkum að persónur hennar séu þroskaðri vegna þess að hún hefur sjálf þroskast.⁴¹ Anne er málpípa Austen í verkinu en þó þarf ekki að vera að skoðanir Anne séu byggðar á raunverulegum skoðunum Jane Austen. Verk

⁴¹ John Wiltshire, bls. 58-83.

Austen hafa löngum þótt hæðin, einskonar skopleg sýn á þann veruleika sem hún bjó við en þó veit enginn almennilega hvaða skoðun hún hafði sjálf á þessum málum því lítið hefur varðveist af bréfum hennar.

Lesandinn kynnist persónum bókarinnar í gegnum Anne, bæði í samskiptum hennar við þær og líka vegna þess hvernig hún hugsar um fólk og samfélag. Móðir Anne er látin og hún þarf að sinna flestum skyldum móður sinnar þó Elizabeth eldri systir hennar njóti mikils af þeim forréttindum sem barónessu ber. Yngsta systir þeirra Mary er gift Charles Musgrove og býr ekki lengur í húsinu.⁴² Konur sem eru ógiftar seint á þritugsaldrinum á tíma Austen þóttu ekki líklegar til að fá bónorð, Anne er 27 ára þegar sagan gerist og með því að neita tveim bónorðum hefur hún sett sjálfa sig út í horn og fær ekki mikla samúð frá samfélaginu. Eldri systir Anne, Elizabeth þótti alltaf einstaklega fögur og er enn álitin ein fegursta stúlkan í nágrenninu en hún er við það að pipra og engir álitlegir vonbiðlar virðast hafa áhuga á henni.⁴³ Sú venja samfélagsins að skilgreina konuna út frá stöðu eiginmannsins gerði konum mjög erfitt fyrir, eina leiðin til að teljast virkir þáttakendur í samfélaginu var að giftast og þar sem konur voru skilgreindar útfrá eiginmönnum sínum gekk líf þeirra út á að næla í eins valdamikinn mann og hægt var. Sumar gengu svo langt að reyna að koma sér fyrir í félagsskap þeirra sem voru herra settir í þjóðfélaginu. Mrs. Clay er gott dæmi um slíka konu, hún er ekkja þegar sagan hefst og hefur komið því svo fyrir að Miss Elliot getur helst ekki án hennar verið.⁴⁴ Þegar konur voru giftar og komnar á sinn stað í samfélaginu höfðu þær örlítið meira frelsi þar sem þær þurftu ekki lengur að hafa áhyggjur af að næla í karlmann en þrátt fyrir það snérist heimur þeirra einungis um heimili, börn og sitt nánasta umhverfi og því var takmark hvernar konu að giftast.⁴⁵ Í bókinni er Mary Musgrove dæmi um konu sem er gift og leyfir sér ýmsa hluti. Hún gerir ekkert allan daginn annað en að kvarta, hún hefur enga stjórn á börnunum sínum og eins og allir í fjölskyldunni reiðir hún sig ótakmarkað á færni Anne í að leysa úr vandamálunum. Með því eykur hún á jöðrun Anne frá samfélaginu, styrkir hana í piparjúnkuhlutverkinu og setur þarfir Anne til hliðar til að upphelja sjálfa sig. Þegar sonur Charles og Mary Musgrove, Charles yngri, slasar sig alvarlega rétt fyrir kvöldverðarboð hjá tengdforeldrum Mary, Mr. og Mrs. Charles Musgrove, til heiðurs Captain Wentworth býðst Anne til að sitja hjá honum:

⁴² Jane Austen, *Persuasion* (London; Penguin Books, 1994), bls. 1.

⁴³ *Persuasion*, bls. 4.

⁴⁴ *Persuasion*, bls. 31.

⁴⁵ Juliet McMaster, bls 78-79.

I mean to go with you, Charles, for I am of no more use at home than you are, If I were to shut myself up forever with the child, I should not be able to persuade him to do anything he did not like, Anne will stay; Anne undertakes to stay at home and take care of him. It is Anne's own proposal, and so I shall go with you, which will be a great deal better, for I have not dined at the other house since Tuesday.⁴⁶

Það þótti sjálfsagt að kvenkyns ættingi sæti hjá slösuðum einstaklingi því þær höfðu meiri þolinmæði og þekkingu á hegðun sjúklinga. Ákvörðun Mary, móður drengsins, að fara í matarboð var mjög óeðlileg og eigingjarn, á þessum tíma hefði þótt mjög eðlilegt að móðirin sæti heima eða kæmist ekki í matarboð vegna áhyggna yfir slösuðu barni en það er nánast hneykslanlegt að hún skuli fara í matarboðið. Mary fylgir hvorki reglum samfélagsins né því sem taldist móðureðlinu, hún fylgir ekki jaðrinum eins og ætlast er til af henni heldur reynir hún að komast sem lengst inn í hina ráðandi menningu með því að ýta undir stöðu sína og sinna ekki móðurhlutverkinu. Ástæður Anne eru þó ekki alveg óeigingjarnar, matarboðið er Captain Wentworth til heiðurs og hún forðast að hitta hann. Staða konunnar við sjúkrabeðið er ein af þeim stöðum sem eru á mörkum menningar og hin villta. Sjúkrabeð eru á jaðri lífsins, sérstaklega á þessum tíma, enginn veit hvernig sjúklingnum reiðir af, honum gæti versnað eða batnað en á meðan hann er á mörkum tilverunnar er það staða konunnar að fylgjast með honum. Í tilfalli Anne og Charles yngri er staðan enn ýktari því Charles er ungur drengur og því enn tengdur hinu villta eins og Ardener lýsir með umfjöllun sinni í greininni „Belief and the Problem of Women:

Hugsanleg jöðrun kvenna þegar karlmenn skilgreina ‚hið villta‘ er greinileg. Því er hugmyndin um að íbúar hins villta svæðis [...] séu hættulegir konum eða hafi aðdráttarafli á þær og börn þeirra skiljanleg í heimi sem er stjórnað af staðalmyndum karlmannna, þar sem fjölgunargeta kvenna fellur ekki undir vald karlmannna.⁴⁷

Konur Bakweeri þjóðflokksins sem Ardener fjallar um eru tengdar hinu villta, þær vinna allan daginn fyrir utan öryggi girðingarinnar sem umkringir þorpið á meðan karlmennirnir sitja öruggir fyrir innan girðinguna.⁴⁸ Þar sem börn eru á ábyrgð kvenna eru þau á sama hátt tengd hinu villta. Ungir drengir eru alveg jafn lítið tengdir hinni

⁴⁶ *Persuasion*, bls.56.

⁴⁷ „Belief and the Problem of Women“, bls. 77. – „The possible marginality of women when men are defining ‚the wild‘ is evident. Thus the idea of the denizens of the wild [...] being a danger or attraction to women and their offspring is comprehensible in a male model of the universe, in which female reproductive powers do not fall under male control.“

⁴⁸ „Belief and the Problem of Women“, bls. 83.

ráðandi menningu feðranna og konur, en þó ekki jaðraðir á sama hátt þar sem þeir eru ennþá börn og eiga eftir að fá inngöngu í samfélag feðra sinna, þeir eru ennþá að læra.

Á þessum tíma var tjáningarmáti kvennanna nánast alveg óskiljanlegur þeim sem ekki voru aldir upp til að skilja hann. Þær sögðu fátt hreint út, líkamsburður, klæðaburður og allskyns kurteisisvenjur voru eitthvað sem utanaðkomandi aðili ætti mjög erfitt með að setja sig inn í. Auk þess voru margir hlutir í hegðun kvenna sem þótti nánast ósæmilegt að tala um við karlmenn, heimur kvenna var feimnismál, allt það sem kom að líkama kvenna var hulið og þær áttu helst ekki að segja mikið. Fulltrúar hins rökræna heims karlmanna hafa löngum átt erfitt með að skilja og túlka viðbrögð kvenna:

Mannfræðingar segja að það sé ekki jafn auðvelt að nálgast konur og karlmenn: þær flissa þegar þær eru ungar, fussa þegar þær eru gamlar, hafna spurningunni, hlægja að málefnum og annað slíkt. Karlkyns meðlimir samfélagsins sjá vandamál mannfræðinganna einfaldlega sem spéspeglun af þeirra eigin daglega lífi.⁴⁹

Karlmenn í *Persuasion* skilja ekki alltaf hvað konur hugsa, til dæmis má nefna samtalið Captain Harville og Anne um hversu lengi kynin elska, hvort konur eða karlar séu trúrri í ást sinni. Harville vitnar í bókmenntir og ljóð, sýnir fram á að þar sé oftast fjallað um harðneskju kvenna en við því gefur Anne þau svör að það sé ekki nema skiljanlegt því bókmenntir og ljóð séu nánast eingöngu rituð af karlmönnum. Hins vegar sjáist ekki þjáningar kvenna, þær sitja heima, hafa ekkert fyrir stafni og geta velt sér endalaust upp úr ástarsorg sinni á meðan karlmenn geti farið út í heim og gert eitthvað af viti.⁵⁰ Eins og Sandra M. Gilbert og Susan Gubar nefna í kaflanum „The Queen’s Looking Glass“ í bók sinni *The Madwoman in the Attic* er penninn álitinn framlenging reðursins, karlmaðurinn bætir sér upp skort á fjölgunargetu með því að skapa ritmál.⁵¹ Konur höfðu ekki sömu tækifæri og karlar til að tjá sig í rituðu máli, þeirra ritaði tjáningarmáti voru sendibréf en ekki skáldskapur. Það þótti heldur ekki viðeigandi að konur á tímum Austen ræddu ákveðna hluti, þær áttu jafnvel ekki að hugsa um þá eða lesa um þá. Hlutir eins og fjölskyldur, fatnaður og sætaskipan við borð voru hlutir sem var eðlilegt að konur ræddu og létu sig varða en lögfræði, heimspeki og stríð áttu að vera alveg fyrir

⁴⁹ „Belief and the Problem of Women“, bls. 73-74. – „Ethnographers report that women cannot be reached so easily as men: they giggle when young, snort when old, reject the question, laugh at the topic and the like. The male members of a society frequently see the ethnographer’s difficulties as simply a caricature of their own daily case.“

⁵⁰ *Persuasion*, bls. 232-237.

⁵¹ *The Madwoman in the Attic*, bls. 3-45.

utan þeirra hugarheim. Þær þóttu of viðkvæmar til að velta slíku fyrir sér. Giftar konur máttu jafnvel ekki vera rithöfundar þar sem þær voru ekki persóna samkvæmt lögum, undirskrift þeirra var ógild og þær gátu ekki verið skrifaðar fyrir neinni eign.⁵² Þær höfðu ekki þekkingu á efninu og þó þær hefðu öðlast hana er mjög ólíklegt að karlmenn hefðu tekið mark á þeim einfaldlega vegna þess að þær áttu að halda sig á sínu sviði. Helstu umræður kvenna um stríð í bókinni fara fram þegar Henrietta og Louisa Musgrove ræða skip við Captain Wentworth og Admiral Croft:

There was a very general ignorance of all naval matters throughout the party; [...] as to the manner of living on board, daily regulations, food, hours, etc.; and their surprize at his [Captain Wentworth] accounts, at learning the degree of accommodation and arrangement which was practicable.⁵³

Þekking kvennanna á stríði og aðbúnaði sjómanna var eðlilega í lágmarki því veröld þeirra var mjög vernduð, ungar stúlkur ferðuðust helst lítið sem ekkert, lærðu helst lítið annað en listir og lásu skáldsögur. Mrs. Croft er ein af eiginkonum sjóliðsforingja sem ferðuðust um höfin með eiginmönnum sínum, hún og eiginmaður hennar eiga í einstöku sambandi. Þau eyða miklum tíma saman, fara í vagnferðir þar sem hann keyrir allt of hratt og Mrs. Croft ræðir jafnvel við mann sinn á jafnréttisgrundvelli. Hún hefur meiri þekkingu á veröldinni en flestar konur á þessum tíma, hún hefur ferðast til annarra heimsálfa, kynnst menningu annarra þjóða og erfiðleikum sjóferða á þessum tíma. Þegar hún ferðaðist með eiginmanni sínum sætti hún sig við sama kost og hann, hún ætlaðist ekki til þess að skipsverjar legðu sig í líma við að halda henni ánægðri því hún var glöð vegna þess eins að hún var hjá eiginmanni sínum.⁵⁴ Samband þeirra var mjög óvenjulegt fyrir tímamann sem þetta gerist á, það er augljóst að þau eru ekki bundin að siðvenjum hástéttarsamfélagsins, hún leyfir sér að tala og hegða sér eins og karlmaður þrátt fyrir að staða mannsins hennar sé nægilega sterk til að þau geti búið á Kellynch Hall og umgengist finni fjölskyldurnar í nágrenninu. Þrátt fyrir nýfengna stöðu sína í samfélaginu hafa Crofthjónin ekki fengið sömu skilyrðingu og aðrir í umhverfinu, þau hafa ekki sömu höft og virðast ekki kippa sér upp við eftirlit nágrannanna eða álit á hegðun þeirra hjóna. Þau hafa búið sér til eigin heim þar sem þau njóta sín án þess að hugsa of mikið um skoðanir annarra, þau eru ung og ástfangin, tilbúin til að takast á við

⁵² Jan Fergus, „The professional woman writer“ í *The Cambridge Companion to Jane Austen*, ritstj. Edward Copeland og Juliet McMaster (Cambridge: Cambridge University Press, 1997), bls. 12-31, bls. 14.

⁵³ *Persuasion*, bls. 62.

⁵⁴ *Persuasion*, bls. 69-70.

heiminn svo lengi sem þau eru saman. Crofthjónin þurfa ekki að fylgja reglum samfélagsins á sama hátt og aðrar persónur bókarinnar, þau standa saman gegn heiminum og þar sem þau eru úr öðrum stiga samfélagsins leyfist þeim að gera mistök sem yrðu öðrum til falls. Ögunin hefur áhrif á hjónin en veldur ekki jafn miklu tilfinningaróti og til dæmis hjá Mary því þau hafa hvort annað sama hvað gerist:

Í stuttu máli veldur hún [alsjáin] því að beiting valdsins kemur ekki utan frá eins og óbilgjörn þvingun eða illbærilegt ok og bætist við þá starfsemi sem fengist er við, heldur hefur valdið þegar komið sér snyrtilega fyrir og nær þannig auknum áhrifum og sterkari tókum á viðfanginu.⁵⁵

Með því að innleiða eftirlitið í samfélagið er ögunin að vissu leyti falin, það eru ekki yfirvöld sem skipa fyrir um ákveðna hegðun heldur samviska hvers og eins og hans nánustu ættingjar og samstarfsaðilar. Á tímum Austen eru það frekar konur en karlar sem viðhalda þöggun kvenna. Mæður kenna dætrum sínum hvernig best sé að hegða sér til að ná í eiginmenn og kvennasamfélagið viðheldur „réttu“ hegðunarmynstri kvenna eftir giftingu, ef þær hegða sér ekki á viðeigandi hátt eiga þær á hættu að þeim verði útskúfað úr samfélaginu, ærumissir eins fjölskyldumeðlims hefur áhrif á heildina.

Anne hegðar sér á karllægan hátt þegar Louise slasast. Hún heldur ró sinni þegar aðrir fá áfall, með yfirveguðum hætti tekur hún stjórn á aðstæðum og tekur svo rökréttar ákvarðanir svo sem að senda Captain James Benwick að sækja lækni og reynir að róa hina í hópnum.⁵⁶ Wentworth tekur eftir þessari hegðun Anne og er mjög hrifinn. Hann reynir að fá hana til að vera eftir og hjúkra Louise, hún er augljóslega sú rétta í starfið vegna þess hve umhyggjusöm hún er í garð allra en þó raunsæ, en aðstæður þróast þannig að Mary verður eftir með Charles Musgrove í stað Anne. „Anne had never submitted more reluctantly to the jealous and ill-judging claims of Mary.“⁵⁷ Enn og aftur notar Mary frekju til að fá sínu framgengt og enginn getur tekist á við hana. Hegðun Mary má tengja hinu villta, hún lætur ekki að stjórn sama hvað tautar og raular. Hún sinnir ekki skyldum sínum sem móðir, eiginkona eða tengdadóttir og þar með veldur hún óróleika og erfiðleikum í fjölskyldunni. Börn hennar hegða sér ekki í samræmi við siði samfélagsins vegna þess að móðir þeirra hefur hvorki kennt þeim að fylgja þeim né fylgir hún þeim sjálf. Mary er alger andstæða við Anne sem sinnir alltaf því sem hún á að gera, tekur tillit til allra og elur meira að segja börn Mary upp. Þrátt fyrir það hefur Mary sterkari stöðu samfélagslega en Anne því hún er gift og getur því

⁵⁵ Foucault, bls. 145.

⁵⁶ *Persuasion*, bls. 109-110.

⁵⁷ *Persuasion*, bls. 115.

komist upp með að hegða sér eins og óhemja án þess að lenda í miklum vandræðum. Í vagninum á leið heim til Musgrove fjölskyldunnar hrósar Wentworth rökleiðsluhæfileikum Anne með því að leggja undir hana hvernig hann ætlar að segja fjölskyldunni frá slysi Louise. Anne gerir sér grein fyrir því að hann ber enn virðingu fyrir álitni hennar, eins og systir hans er hann ekki jafn skilyrtur og aðrir í umhverfi Anne. Wentworth hefur þann möguleika að hegða sér öðruvísi en aðalsbornir karlmenn því hann er af alþýðuættum, hann þarf ekki að uppfylla sömu samfélagslegu skilyrði og þeir þegar kemur að því að velja sér konu. Hann þarf hins vegar að fylgja ákveðnum reglum, hann hefur trú á að til að geta kallast herramaður þurfi hann að hegða sér á ákveðinn hátt og því getur hann ekki nálgast Anne aftur fyrr en hann er laus allra mála hjá Louise. Hann sakar sjálfan sig um slysið og áttar sig á því að hann hefur gefið til kynna að hann hafi áhuga á að biðja um hönd Louise.

Það verður ákveðinn vendipunktur í sögunni þegar Wentworth tekur aftur eftir fegurð Anne. Rétt fyrir slysi Louisu er William Elliot kynntur til sögunnar, hann er í Lyme á sama tíma og þau. Hann mætir Anne á göngu og tekur strax eftir fegurð hennar:

Anne's face caught his eye, and he looked at her with a degree of earnest admiration which she could not be insensible of. She was looking remarkably well; her very regular, very pretty features, having the bloom and freshness of youth restored by the fine wind which had been blowing on her complexion, and by the animation of eye which it had also produced.⁵⁸

Mr. Elliot sér fegurð í Anne sem enginn karlmaður hefur tekið eftir síðan hún hafnaði bónorði Charles Musgrove, hann sér fegurð sem hún sjálf var hætt að sjá. Hann vekur athygli bæði Anne og Wentworth á því að hún hefur ekki breyst svo mikið. Hegðun þeirra gagnvart hvoru öðru breytist, hún verður aftur ungmey í stað þess að vera piparmey. Til að vekja athygli karlmanna þurfti kona að vera ungleg og fögur, á tímum Austen hegðuðu konur sér í samræmi við stöðu sína, ógiftar ungar stúlkur fylgdu öðrum hegðunarmynstrum en ungar konur sem höfðu gefist upp á giftingarmarkaðinum og bjuggust við því að pipra. Þegar Anne fer að trúa því aftur að hún sé myndarleg og áhugaverð kona kemur hún út úr skelinni og verður aftur ungleg. „Konur hörfa ekki aftur til náttúrunnar: þær slúta fram yfir þau takmörk sem karlmenn hafa sett.“⁵⁹ Anne hafði samþykkt stöðu sína í samfélaginu, hún hafði gengist inn í hlutverk sitt sem piparmey en þegar hún upplifir sig aftur unga hættir Anne allt í einu að vera jafn

⁵⁸ *Persuasion*, bls. 103.

⁵⁹ „The ‚Problem‘ Revisited“, bls. 132. – „Women do not ‚leap back‘ into nature: they overlap, protrude beyond the limits set for them by men.“

hlédræg, hún þorir frekar að segja það sem henni finnst og horfir jafnvel til baka þegar Wentworth lítur á hana. Anne flytur sig þar með til baka frá mörkum hinnar viðteknu hegðunar reyndrar konu, og færir sig nær mörkum hins villta og hins siðmenntaða. Hún upplifir sig aftur sem áhugaverða unga konu, hún hættir að setta sig við stöðuna sem hún hafði tekið innan hinnar ríkjandi menningar, verður aftur unglegri og því bæði villtari og jaðraðri. Hegðun Anne breytist ekki hratt eða mikið en hún öðlast meira sjálfstraust og leyfir sér að lifa aftur á mörkum þess ræða og óræða. Smátt og smátt færir hún sig undan valdstjórn föður síns, hún gerir hluti sem honum finnast ekki ásættanlegir eins og að heimsækja vinkonu sína Mrs. Smith og skipuleggur ferð í leikhúsið með vinum sínum frá Uppercross. Þegar Anne kemur til Bath þar sem faðir hennar og eldri systir hafa tekið hús á leigu fær hún staðfestingu á því að ungi maðurinn sem var á sama gistiheimili og hópurinn í Lyme er í raun Mr. William Elliot. Í Bath sýnir Mr. Elliot Anne áhuga, hann vill hana frekar en Elizabeth fjölskyldunni til mikils hryllings. Hið unga og villta er á sama tíma hættulegt og spennandi, karlmenn hinnar ríkjandi hefðar laðast frekar að unlegum stúlkum, þær eru ósnertanlegar, fjarlægjar og meðfærilegar. Enginn annar hefur haft tækifæri til að spilla þeim og hið villta í þeim er áskorun til karlmannsins, eitthvað sem hann getur sigrast á. Þar sem staða konunnar í samfélaginu miðaðist við eiginmann hennar eða föður þurftu konur annaðhvort að giftast eða setta sig við að vera piparjúnkur. Þær voru einskonar þjónustukonur eða fóstrur sem áttu að vera til taks fyrir systkini sín og börn þeirra þegar á þurfti að halda. Hjónaband hefur mikið að segja fyrir konu, þær fylgja alltaf stétt eiginmannsins og því getur hjónaband við einhvern af lægri stigum valdið mikilli breytingu. Aðferðir kvenna til að sýna hvað í þeim býr felast aðallega í hæfileika þeirra til að halda veislur, klæða sig og ala og sjá um börn. Hæfileiki þeirra til að viðhalda hinni æðri menningu karlanna hefur mikið að segja um hvernig aðrir í samfélaginu líta á þær. Anne er mjög góð í öllum þeim verkum sem setur hana hátt á lista karlamenningar, hún hefur gott lag á börnum, er tilhlýðilega aðlaðandi, getur séð um heimili og sinnt fátækum. Þrátt fyrir það hefur hún tekið hlutverk piparjúnkunnar og færir sig ekki frá því hlutverki fyrr en hún hefur trú á að hún hafi möguleika á að giftast.

Siðareglur og stéttaskipan

Anne Elliot er sér á parti í sögunni, hún hefur aðra sýn á samfélagið en flestir aðrir. Faðir hennar og systur líta mjög stórt upp á sig vegna ætternis, vegna þess að þau eru háaðall eru þau merkilegri en allir aðrir og eiga heiminn. Helsta áhugamál Walter Elliot,

föður Anne, er að skoða *The Baronetage* sem er skrá yfir alla baróna landsins og fjölskyldur þeirra. Þetta er eina bókin sem hann tekur sér í hönd og hann les bara eina blaðsíðu í allri bókinni, þá síðu sem fjallar um hann og hans fjölskyldu. Hann er jafnvel búinn að bæta við upplýsingum um merkisatburði sem hafa átt sér stað eftir útgáfu bókarinnar, dauða konu sinnar og giftingu yngstu dóttur sinnar.

Sir Walter Elliot, of Kellynch Hall, in Somersetshire, was a man who, for his own amusement, never took up any book but the *Baronetage*; there he found occupation for an idle hour, and consolation in a distressed one; [...] and there, if every other leaf were powerless, he could read his own history with an interest which never failed.⁶⁰

Hans helsta huggun er að sjá stöðu sína í samfélaginu staðfesta í bók, enginn getur efast um að hann sé merkilegur þegar hægt er að sýna bókina því til staðfestingar. Elizabeth, elsta dóttir hans, þolir hins vegar ekki bókina, ef hún sér hana opna á borði snýr hún henni við. Þegar hún var yngri var þetta ekki svona mikið vandamál, hún naut þess alveg jafn mikið og faðir hennar að hafa staðfestingu á stöðu fjölskyldunnar fyrir augunum en nú er hún 29 ára ógift kona.⁶¹ Ef hún myndi giftast gæti hún aftur notið þess að skoða bókina eins og faðir hennar.

Mary leggur mikið á sig til að halda stöðu sinni í samfélaginu því hún giftist manni sem er lægra í þjóðfélagsstiganum en hún. Hún krefst þess að halda virðingarstöðu sinni sama hvað það kostar. Þegar gengið var til borðs á finni heimilum var gengið eftir ákveðinni röð, tign persónu sagði til um hvar í röðinni hún gekki inn í borðstofuna og þó Mary hafði giftist niður fyrir sig hélt hún ennþá stöðu sinni sem barónsdóttir og því hafði hún samkvæmt siðarreglum forgang fram yfir tengdamóður sína.⁶² Hún átti því að ganga fyrst inn í herbergi, jafnvel þegar Anne var á staðnum því þó Anne væri eldri systir Mary var hún ekki gift og gift konar var alltaf æðri ógífri konu. Eitt frægasta dæmi um slíka breytingu á virðingarröð er í *Pride and Prejudice* þegar Lydia Bennet yngsta systirin af fimm giftist fyrst og gengur því fyrst á eftir foreldrum sínum inn í húsið.⁶³ Frekja Mary virðist engan enda taka í bókinni, hún skiptir sér af öllu og öllum, kvartar stöðugt yfir því hvað hún er afskipt og sinnir engum skyldum. Börnin hennar eru illa upp alin og hún sinnir eiginmanninum sínum ekki. Hún reynir jafnvel að koma í veg fyrir að Henrietta giftist frænda sínum, sem er af enn lægri

⁶⁰ *Persuasion*, bls. 1.

⁶¹ *Persuasion*, bls. 4-5.

⁶² *Persuasion*, bls. 43-44.

⁶³ *Pride and Prejudice*, bls.243.

stigum en Musgrove fjölskyldan, vegna þess að það sæmir ekki barónsdóttur að tengjast presti af lágaðli. Hún skiptir sér af, ekki til að gera það sem er best fyrir Henriettu heldur ber hún sína eigin hagsmuni fyrir brjósti. Charles Hayter er elsti sonur og mun því erfa föður sinn sem á svólítið af eignum. Hann er góður maður, þau Henrietta hafa verið lofuð hvoru öðru frá því þau voru mjög ung og eru einstaklega ástfangin. Valdahungur og frekja Mary eru yfiringileg en líka skiljanleg. Hún er alin upp við að vera af fínustu ætt nágrennisins, hún var reyndar yngst af þrem dætrum barónsins en hún var fyrst þeirra til að giftast sem gefur henni hærri stöðu í systrahópnum. Maðurinn sem hún giftist bað hennar einungis eftir að eldri systir hennar hafði hafnað honum. Nöldrið og ábyrgðarleysið gera það að verkum að hún hefur ekki virðingu tengdafjölskyldu sinnar sama hvað hún reynir. Eins og áður hefur komið fram tengist Mary hinu villta á þann hátt að hún fylgir ekki reglum samfélagsins til hlítar. Hún velur þær reglur sem hentar henni að fylgja, þær reglur sem upphefja hana og gefa henni forréttindi eru þess virði að fylgja en þær sem setja skyldur á herðar henni virðast ekki til í hennar augum. Með því að virða reglur samfélagsins að vettugi ætti hún að útilokast frá því og þó hún sé ekki hátt skrifuð hjá föður sínum og Miss Elliot virðist hún komast upp með ótrúlegustu hegðun í kringum eiginmann sinn og tengdafjölskyldu án þess að þurfa að takast á við nokkrar afleiðingar.

Manngæði fylgja ekki endilega stétt eða stöðu í samfélaginu, þeim virðist vera deilt á allar stéttir og menningarhópa en ekki bara karlmenn úr hæstu stigunum þjóðfélagsins. Hin tigna Elliot ætt hefur ekki alltaf sýnt sínar bestu hliðar, flestir meðlimir fjölskyldunnar eru sérhlífir, skeytingarlausir og sjálfumglaðir. Sir Elliot er í sífellu að passa upp á ímynd sína, honum dytti ekki í hug að láta sjá sig með einhverjum af lægri stigum en hann sjálfur, hvað þá ef viðkomandi væri ómyndarlegur. Miss Elliot hugsar um fátt annað en að giftast vel, hún eyðir öllum sínum kröftum í að líta sem best út og hugsar ekki einu sinni út í að draga sig til baka og „pipra“ þrátt fyrir háan aldur og Mary berst á hæl og hnakka til að halda virðingarstöðu sinni þó hún missi virðingu tengdafjölskyldu sinnar við það. Á móti má skoða Mrs. Smith, hún er fátæk ekkja Mr. Smith sem er einn af hinum fjöldamörgu Smith's Englands eins og Sir Walter segir.⁶⁴ Hún er í miklum fjárhagsvandaræðum vegna þess að eiginmaður hennar eyddi of miklu miðað við fjárhagsaðstæður sínar og fylgdist ekki nægilega vel með fjármálum sínum. Náðarhöggið var samt það að Mr. Elliot var valinn sem framkvæmdarmaður

⁶⁴ *Persuasion*, bls. 155.

erfðarskrárinnar og hann neitar að aðstoða Mrs. Smith við að endurheimta þá litlu fjármuni sem hún gæti hugsanlega fengið í hendur bara ef einhver vildi taka að sér að skrifa eitt lítið bréf fyrir hana. Mrs. Smith getur ekki skrifað bréfið sjálf, fyrir það fyrsta er hún kvenmaður og hefur ekki þá þekkingu sem til þarf og hún er líka af lágum stéttum og því er ekki líklegt að bréf skrifað af henni, um fjármál, væri álitid marktækt. Hún hefur gengið í gegnum mikla erfiðleika, andlát eiginmanns, gjaldþrot, veikindi og svik manns sem hún hélt að væri vinur sinn. Þrátt fyrir allt er hún umhyggjusöm manneskja sem gerir allt til að gleðja fólk og halda gleði sinni. Jöðrunin tengist ekki bara stöðu og kyni heldur hefur hegðun fólks einnig mikið að segja. Mrs. Smith hegðar sér á aðdáunarverðan hátt miðað við stöðu sína og því virðir Anne hana meira en til dæmis föður sinn eða systur því þau gera lítið annað en að hugsa um sína eigin hagsmuni. Þannig má sjá að þó flestir í sögunni sækist eftir völdum og virðingu, helst með því að öðlast titil eða með því að umgangast sér æðra fólk skiptir persóna hvers og eins mestu máli. Stétt, staða og ætterni verða að engu þegar upp kemst um undirferli og fólk eins og Mrs. Smith og Captain Wentworth öðlast frekar virðingu þeirra sem þau umgangast með góðu viðmóti heldur en með stöðu sinni eða fjármunum.

Lokaorð

Persónur *Persuasion* neyðast til að fylgja reglum samfélagsins til að fá að taka þátt í samfélaginu. Samfélagsreglurnar segja fyrir um hvernig karlar og konur af mismunandi stéttum skulu hegða sér, hvað skal segja, hvað ekki og hvaða afleiðingar það gæti haft að brjóta reglurnar. Anne brýst undan gildum samfélagsins með því að færa sig frá piparjúnkuhlutverkinu og yfir í hlutverk hinnar ungu stúlku á giftingaraldri. Hún tekur þá ákvörðun að giftast manni sem er af lægri stigum en hún sjálf og missir þar með stöðu sína í samfélaginu og þá litlu virðingu sem fjölskylda hennar bar fyrir henni.

Í bókinni má finna sjónarmið þroskaðrar ungrar konu sem hefur hæfileika til að taka sér hvaða stöðu í samfélaginu sem hún velur sér. Hún gæti verið piparjúnka, gift kona og móðir eða jafnvel barónessa. Hún velur að fylgja hjartanu, eins og konur í bókum Austen gera gjarnan, og giftist Captain Wentworth. Val Anne á eiginmanni felst í mannkostum hans frekar en stöðu hans í lífinu, hann ber virðingu fyrir henni vitsmunalega eins og kynbræðrum sínum. Wentworth virðist ekki líta jafn mikið niður á kvenmenn og sumir karlmenn í kringum Anne. Með því að velja sér þessa stöðu í samfélaginu brýst Anne undan oki fjölskyldu sinnar og sýnir fram á ákveðið sjálfstæði. Hún brýst að hluta til undan jöðruninni með því að taka sínar eigin ákvarðanir en styrkir hana um leið með skoðun sinni á hvað sé eðlileg og virðuleg hegðun í samfélaginu. Anne flytur sig um set í samfélaginu, ákveður að velja félagsskap þeirra sem hafa sama hugsunarhátt og hún frekar en þeirra sem eru jafnstéttháir og hún. Á vissan hátt styrkir hún með því jákvæða og sanngjarna hegðun á meðan hún brýst undan þeim sjálfmiðuðu gildum sem aðrir fjölskyldumeðlimir hennar virðist hafa í hávegum. Hún jaðrar sig á félagslegan hátt með því að velja sér eiginmann sem leyfir henni að hugsa og tala fyrir sig sjálfa. Að lokum hafa bæði Anne og Wentworth þroskast, þau sjá hve barnalega þau hafa hagað sér. Þegar Anne hefur lært að standa á eigin fótum og hlusta á það sem henni finnst sjálfri, í stað þess að reiða sig eingöngu á sjónarmið annarra sem eru mynduð af samfélagslegum þrýstingi tekur Wentworth af skarið og biður aftur um hönd hennar.

Jöðrun kvenna í *Persuasion* byggist mest á því að þær hafa enga lagalega stöðu og því verða þær að reiða sig algerlega á karlmennina í lífi sínu, hvort sem það eru feður, bræður eða eiginmenn. Þær viðhalda þessari jöðrun að vissu leyti sjálfar með því að þagga niður allar tilraunir kvenna til að brjótask undan stjórn karlanna. Konur líta ekki hýrum augum bókmenntalegar tilraunir kynsystra sinna eða þær sem skipta sér of mikið af karlmannlegum hlutum eins og lögum eða peningamálum. Mæður kenna

dætrum sínum að hegða sér innan menningarinnar og þær kenna einnig sonum sínum hvernig koma skal fram. Hin víkjandi kvennamening viðheldur þannig yfirráðum hinnar ríkjandi karlamenningar með því að gangast undir hana án athugasemda. Örlög kvenna sem færast of mikið í fang eru útskúfun frá samfélaginu, þær eru á vissan hátt dæmdar í útleög því þær eru ekki velkomnar á betri heimilum eftir að hafa gerst brotlegar við reglur samfélagsins.

Þannig má sjá að kenningar Ardener og Foucaults varpa áhugaverðu ljósi á *Persuasion* eftir Jane Austen, hegðun sögupersóna veldur samfélagslegum áhrifum, bæði fyrir þær sjálfar og fjölskyldur þeirra. Fjölskylda Anne hundsar Mary eftir að hún giftist niður fyrir sig og það er gefið í skyn að sömu örlög bíði Anne eftir að hún velur Captain Wentworth í lok skáldsögunnar, því persóna án titils er án öruggrar stöðu í samfélaginu. Sumar persónur virðast þó hafa náð meiri þroska eftir því sem líður á söguna, gott dæmi um slíkt er Lady Russel sem sannfærði Anne áður en sagan hófst um að giftast ekki Wentworth en tekur hann í sátt í sögulok vegna mannkosta hans frekar en stöðu hans í samfélaginu. Stéttarstaða virðist eftir allt saman ekki skipta eins miklu máli og áður hafði virst, hægt er að komast yfir flestar hindranir ef litið er á mannkosti frekar en fjárhag eða stöðu.

Heimildir

- Alda Björk Valdimarsdóttir, *Kúpid í Highbury og Hollywood : kvikmyndanir á skáldsögunni Emmu* (óbirt námsritgerð, 1999)
- Ardener, Edwin, „Belief and the problem of women“ í *The Voice of Prophecy* (New York, Oxford: Berghan Books, 2007)
- Ardener, Edwin, „The problem revisited“ í *The Voice of Prophecy* (New York, Oxford: Berghan Books, 2007)
- Arnaldur Indriðason, „Austen hittir í mark“ í *Morgunblaðinu B*, 1. desember (1996), bls. 10
- Austen, Jane, *Hroki og hleypidómar*, þýð. Silja Aðalsteinsdóttir (Reykjavík: Mál og menning, 1988)
- Austen, Jane, *Persuasion* (London; Penguin Books, 1994)
- Austen, Jane, *Pride and Prejudice* (London: Penguin Books, 1994)
- Chapman, Malcolm, „Introduction“ í *The Voice of Prophecy* (New York, Oxford: Berghan Books, 2007)
- Foucault, Michel, *Alsæi, vald og þekking: Úrval greina og bókakafla*, þýð. Björn Þorsteinsson, Garðar Baldvinsson og Sigurður Ingólfsson (Reykjavík; Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005)
- Gilbert, Sandra og Gubar, Susan, *The Madwoman in the Attic* (New Haven og London: Yale University Press, 1979)
- Helga Kress, *Máttugar Meyjar* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1993)
- Jóhanna Kristjánsdóttir, „Bingleyfjölskyldan í sviðsljósinu“ í *Morgunblaðinu*, 8. desember (1988), bls. 17
- Jóhanna Sigurðardóttir, „„Charlotte Brontë: Hvað er svona merkilegt við Jane Austen?“ – Bækur Austen hafa orðið samtímabókmenntum lífsseigari“ í *Morgunblaðinu B*, 1. júní (1986), bls. 6-7
- Malcolm Chapman, „Introduction“ í *The Voice of Prophecy* (New York, Oxford: Berghan Books, 2007), bls. xv-xxxvi, bls. xix
- Marianna Clara Lúthersdóttir, *„Þær sem deyja meyjar...“ : ógifta konan í lífi og verkum Jane Austen* (óbirt námsritgerð, 2009)
- McMaster, Juliet, *Jane Austen the Novelist* (Great Britain: MacMillian Press LTD, 1996)
- Ólafur Hannibalsson, „Spennandi klassík fyrir alla“ í *DV 266*, 21. nóvember (1988), bls. 29
- Dierdre Le Faye, „Chronology“ í *The Caimbridge Companion to Jane Austen*, ritstj. Edward Copeland og Juliet McMaster (Cambridge: Cambridge University Press, 1997)

John Wiltshire, „Mansfield Park, Emma, Persuasion“ í *The Cambridge Companion to Jane Austen*, ritstj. Edward Copeland og Juliet McMaster (Cambridge: Cambridge University Press, 1997)

Úlfhildur Dagsdóttir, „Rómantísk ævintýri, hetjur og drekar“ í *Lesbók Morgunblaðsins* 15. september (2001), bls. 8-9

Úlfhildur Dagsdóttir, „Sumarrómantik og sérherbergi“ í *Lesbók Morgunblaðsins* 18. ágúst (2001), bls. 8-9

Vigdís Huld Þorvaldsdóttir, *Máttur einstaklinga á valdi siðmenningar : um samband hegðunarvenja og mannlegs eðlis í verkum Jane Austen* (óbirt námsritgerð, 2000)

Þórey Einarsdóttir, „Jane Austen“ í *Lesbók Morgunblaðsins* 24. ágúst (1996), bls. 10-11

